


Sestu lestu



Geitur í garðinum

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:

1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?

8. Rifjaðu nú upp allt sem þú veist um geitur og skrifaðu það niður.

Kannski geta myndirnar á bókarkápunni hjálpað þér.

Fyrsti kafli bls. 5-7



1. Hvað heita aðalpersónurnar í sögunni?

2. Hvað merkir að krakkarnir séu jafnaldrar? _____

3. Af hverju ætli Sunnu finnist fjölskylda Nóa skemmtileg?

4. Hvað merkir sögnin *að grufla*? Skoðaðu sögnina út frá samhengi textans á bls. 5.

- ☐ Að grafa eitthvað upp eða moka eftir einhverju.
- ☐ Að detta eða hrasa um eitthvað og hrufla sig.
- ☐ Að velta einhverju fyrir sér eða brjóta heilann um eitthvað.

5. Hverjir eru í Nóastaðaaættinni? _____

6. Hvers vegna var Nónunum gefið viðurnefni, t.d. eldri Gamli-Nói?

7. Af hverju finnst Sunnu Sól nafnið sitt sérstakt?

8. Hvaða skýringu gaf Nói á nafninu hennar Sunnu?

9. Hvernig finnst þér þessi skýring? Ertu sammála henni
eða ertu með aðra skýringu? Ef svo er, þá hverja?



- 10.** Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás. Reyndu að segja frá í 20 orðum eða færri.



- 11.** Rifjaðu upp hvað nafnorð og sagnorð eru. Finndu 10 nafnorð og 10 sagnorð í kaflanum og skrifaðu í töfluna hér fyrir neðan.

Nafnorð (no.)	Sagnorð (so.)

Annar kafli bls. 8-11



1. Hvað heitir húsið hans Nóa? _____

2. Af hverju ætli húsið hans Nóa standi ekki lengur úti í sveit eins og áður?

3. Af hverju er garðurinn algjör ævintýragarður?

- ☐ Þar eru leiktæki eins og í tívolí og krakkarnir í hverfinu mega nota þau.
- ☐ Þar er alls konar dót sem Gamli-Nói safnar fyrir uppfinningar sínar.
- ☐ Þar er svo mikið gras og drasl að krakkarnir fara oft í feluleik.

4. Hvers vegna eru nágrannarnir óánægðir með dótið í garðinum?


5. Hvers vegna vill Gamli-Nói ekki henda neinu úr garðinum?

- ☐ Hann gæti nýtt dótið í uppfinningarnar sínar.
- ☐ Dótið er nú þegar hluti af uppfinningum hans.
- ☐ Hann vill ekki borgar gjald fyrir að henda dótinu.

6. Hvað merkir *að fara í óvissuferð*? _____

7. Hvað merkir *orðið skjóður*?

- ☐ Rjóður þar sem gott er að stoppa á ferðalögum.
- ☐ Lélegur bíll.
- ☐ Gamall bíll, en í góðu ástandi.



8. Hvers vegna kallaði Gamli-Nói bílinn sinn rúgbrauð? _____

9. Af hverju hélt Sunna að Gamli-Nói væri ekki góður bílstjóri?

10. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 10 og lýstu því sem er að gerast:

11. Hvert heldur þú að Gamli-Nói sé að fara? _____

12. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. _____



Þriðji kafli bls. 12-18

1. Hvað ætli sé átt við í textanum þegar sagt er *að húsið hafi húkt einmana uppi í fjallshlíð*? _____

2. Hvað heitir maðurinn sem þau heimsóttu?

- ☐ Tómas
☐ Thomas
☐ Gamli-Nói

2. Lýstu Tómasi. Lestu textann á blaðsíðu 13 og skoðaðu myndina.

4. Hvað átti Tómas við þegar hann spurði hvort krakkarnir vildu sjá gripina?



5. Hvers vegna ætli Sunna hafi verið hrædd við geiturnar?

6. Hverjir voru í nýjustu meðlimir Nóafjölskyldunnar? Hvað hétu þeir?

7. Af hverju þurftu geiturnar að fá pössun? _____

8. Hvað merkir *að taka á rás*?

- ☐ Að stilla á bestu sjónvarpsrásina.
- ☐ Að hlaupa af stað.
- ☐ Að ráfa um í leit að einhverju.

9. Hvað kallast ...

kvengeit: _____

karlgeit: _____

afkvæmið: _____



10. Hvers vegna hélt Sunna að stóru geiturnar væru tveir hafrar?

11. Hver var með flottasta skeggið? _____

12. Hvað merkir að vera íbygginn?

- ☐ athugull, hugsí
- ☐ hissa
- ☐ reiður

13. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í rétttri atburðarás. Reyndu að segja frá í 20 orðum eða færri.



Fjórði kafli bls. 19-23

1. Það var mikið basl að koma geitunum í bílskrjóðinn.

Hvað merkir orðið *basl*?

- ☐ skemmtun, eitthvað skemmtilegt
- ☐ skrítið, eitthvað sérstakt
- ☐ barátta, átök




2. Hvers vegna var svona mikið basl að koma geitunum fyrir í bílnum?

3. Það var töluvert það að koma Gvendólínu í bílinn. Hvað merkir orðið *það*?

4. Merktu við rétta fullyrðingu:

- ☐ Ferðin heim með geiturnar gekk vel og Gamli-Nói söng hástöfum allan tímann.
- ☐ Gamli-Nói missti stjórn á bílnum þegar kiðlingurinn kom í framsætið.
- ☐ Gamli-Nói sagði sögur og geiturnar jörmuðu aftur í bílnum.

5. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 21. Lýstu því sem er að gerast á myndinni:

A cartoon illustration of a red bus driving off a cliff. The bus is tilted, and several characters are visible inside, looking concerned. The background shows a blue sky and a green landscape with a yellow road leading to the edge of the cliff.

6. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

Eintala (et.)	Fleirtala (ft.)
kiðlingur	
	hafrar
sæti	
	bílbelti
söngur	

- 7. Litli-Nói rakst á bók um geitur, en það vantaði í hana nokkur orð. Hjálpaðu honum að skrifa orðin aftur á réttan stað. Orðin sem vantar eru hér fyrir neðan.**

Geitur eru _____ sem komu til landsins með landnámsmönnum.

Þær eru því oft kallaðar _____. Geitur éta ýmiss


konar plöntur en finnst einnig gott að fá annan mat, t.d. _____.

Karldýrið heitir _____, kvendýrið _____ og afkvæmið

_____. Geitur eru fjölbreyttar á _____.

hafur – brauð – kiðlingur – litinn – landnámsgeitur – klaufdýr – huðna

- 8. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri röð.**



Fimmti kafli bls. 24-28

1. Hvers vegna stöðvaði Gamli-Nói bílinn áður en þau komu á leiðarenda?

2. Hvað var konan sem Gamli-Nói fylgdist með að gera? _____

3. Hvers vegna lágu svona margir bílstjórar á bílflautunni?

- ☐ Þeir voru að æfa sig fyrir flautukórinn.
- ☐ Þeir voru þreyttir og lögðu sig fram á flautuna.
- ☐ Þeir voru pirraðir og vildu komast áfram.



4. Hvers vegna var konan sem bankaði á rúðuna svona reið?

5. Af hverju sagðist Gamli-Nói hafa stoppað á miðri götu?

6. Hvers vegna varð konan skyndilega svona undrandi og síðan glöð?

- ☐ Hún sá geiturnar og var hrifin af þeim.
- ☐ Hún skildi af hverju Gamli-Nói stoppaði.
- ☐ Hún kom auga á konuna með regnbogann.

7. Hvers vegna ætli Gamli-Nói hafi flýtt sér inn í bílskúr þegar hann kom heim?

8. Af hverju urðu Sunna og Litli-Nói að sjá um geiturnar?



9. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 28. Miðað við svipinn á krökkunum, hvernig ætli þeim finnist að vera orðnir geitahirðar?

10. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás. Reyndu að segja frá í 20 orðum eða færri.

11. Samsett orð. Ljúktu við verkefnið með því að skrifa annaðhvort samsetta orðið eða orðin sem samsetta orðið er búið til úr.

list + verk = _____

_____ + bogi = **regnbogi**

lúður + sveit = _____

tónn + _____ = **tónleikar**

_____ + sveit = **flautusveit**

_____ + stjóri = **bílstjóri**

geit + hirðir = _____

hali + _____ = **halarófa**

_____ + skúr = **bílskúr**

hugur + mynd = _____

12. Skoðaðu myndirnar í 6. kafla. Hvað heldur þú að gerist í kaflanum?

Ræddu við félaga. Eruð þið með svipaðar hugmyndir?

Sjötti kafli bls. 29-32



1. Hvers vegna vaknaði Sunna svona snemma næstu morgna og flýtti sér til Litla-Nóa? _____

2. Af hverju ætli Sunna hafi ekki orðið reið þegar Litli-Nói sprautaði á hana vatni? _____

3. Gvendólína lá inni í stýrishúsi. Hvað er stýrishús? _____

4. Hvaða dýr önnur en geitur var Gamli-Nói með í garðinum sínum?

☐ kindur

☐ hunda

☐ hænur

5. Hverjir höfðu það hlutverk að tína eggin frá hænunum? _____

6. Hæurnar *spígsporuðu* um garðinn. Hvað merkir það?


☐ Hæurnar gengu fram og aftur um garðinn.

☐ Hæurnar læddust hljóðlega um garðinn.

☐ Hæurnar hlupu æstar um garðinn.

7. Hvers vegna kvörtuðu nágrannarnir undan hanaanum? _____

8. Hvers vegna hélt haninn ekki vöku fyrir Gamla-Nóa? _____



9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum

eða færri: _____

10. Rifjaðu upp kyn orða. Skoðaðu kaflann og finndu fimm orð í hverju kyni.

Karlkyn (kk.)	Kvenkyn (kvk.)	Hvorugkyn (hk.)

11. Orðarugl. Stöfunum í nokkrum orðum hefur verið ruglað. Þú þarft að endurraða stöfunum svo úr verði orð. Upphafsstafurinn er feitletraður.

Gialm - óNi _____ - _____

ekBir _____

rnabuðseið _____

inha _____

agglön _____

hnuær _____



Sjöundi kafli bls. 33-40



1. Hvers vegna ætli Sunna hafi sungið hástöfum á leiðinni til Litla-Nóa?

2. Hver finnst þér líklegastur til að hafa skilið hliðið eftir opið? Af hverju?

3. Hvers vegna öskraði nágrannakonan?

- ☐ Hún hafði fengið martröð og vaknaði öskrandi.
- ☐ Geiturnar voru í garðinum og voru að éta morgunmatinn hennar.
- ☐ Hún var hrædd við Sunnu og Litla-Nóa sem hlupu inn á lóðina hennar.

4. Lýstu því sem þú sérð á myndinni á blaðsíðu 35: _____

5. Hvaða dýr hélt maðurinn

að konan hans væri hrædd við?

- ☐ geitunga
- ☐ randaflugur
- ☐ hænur



6. Hvernig brást maðurinn við geitunum? _____

7. Skoðaðu myndasöguna á blaðsíðum 38-39. Segðu skipulega og í réttri röð frá því sem er að gerast: _____


8. Í kaflanum eru nokkur skondin atvik og upptakomur. Hvað fannst þér fyndnast í kaflanum? _____

9. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaganum þínum frá þeim í réttri atburðarás. Reyndu að segja frá í 20 orðum eða færri.

Áttundi kafli bls. 41-47

1. Hvers vegna hættu krakkarnir snögglega að hlæja? _____

2. Hvernig leit Gamli-Nói út þegar hann stóð í bílskúrnum? _____



3. Hvað var Gamli-Nói að gera í bílskúrnum?

- ☐ Hanna vélmenni til að mála.
- ☐ Hanna málningar-sprautuvél.
- ☐ Hanna matarvél fyrir geiturnar.

4. Hvar ætli Gamli-Nói hafi fengið hugmyndina að sprautuvélinni?

5. Hvað vildi Gamli-Nói kalla vélina sína? _____

6. Hvers vegna ætli Sigurði nágranna finnist Gamli-Nói og fjölskyldan hans eintómir vitleysingar? _____

7. Hvað eru *spörð*? _____

8. Hvers vegna fannst krökkunum skemmtilegt að sjá málninguna renna niður eftir Gamla-Nóa?

- ☐ Hann fór svo sjaldan í sturtu.
- ☐ Það var eins og hann hefði lent í slysi.
- ☐ Hann var eins og regnbogi.
- ☐ Hann söng svo fallega í sturtunni.

9. Daginn eftir fóru Gamli-Nói og krakkarnir með geiturnar í bíltúr. Hvert fóru þau?




10. Hvernig leið geitunum þegar þær sáu Tómas?

11. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum

eða færri: _____

12. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

Eintala (et.)	Fleirtala (ft.)
geit	
	nágrannar
blóm	
	kofar
sól	
	foreldrar





Hugleiðingar að lestri loknum

1. Hvernig fannst þér bókin? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Um hvað er sagan? Ef þú ættir að segja einhverjum frá þessari bók, hvernig myndir þú lýsa henni? _____

3. Hugsaðu þér að þú ætlir að gerast bóndi og eignast nokkrar geitur.

Áður en af því verður þarf að huga að mörgu. Skrifaðu nokkur atriði hér fyrir neðan sem gott er að hafa í huga áður en þú færð geiturnar. Ef þú átt í erfiðleikum, rifjaðu þá upp söguna og vandræðin sem Gamli-Nói og krakkarnir lentu í með geiturnar.

